

Nd. 951. Frumvarp til laga [271. mál]

um breyting á lögum nr. 100 31. desember 1974, um Hitaveitu Suðurnesja, sbr. lög nr. 26/1980.

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. maí.)

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

- a. Orðið „hitaveitufyrirtæki“ í 1. mgr. verði: fyrirtæki.
- b. 2. og 3. mgr. falli niður.

2. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna breytist og orðist þannig:

Tilgangur Hitaveitu Suðurnesja skal vera a) að virkja jarðhita í Svartsengi og annars staðar á Reykjanesi, ef hagkvæmt þykir, b) að reisa og reka orkuver, aðveitur og orkudreifikerfi á starfssvæði hennar og annast sölu á orku til notenda, c) önnur nýting á jarðgufu og heitu grunnvatni.

3. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðist þannig:

Enn fremur veitir iðnaðarráðherra Hitaveitu Suðurnesja einkaleyfi til starfrækslu rafveitu á starfssvæði hennar eftir því sem um semst við einstök sveitarfélög og ríkissjóð um yfirtöku á veitukerfum þeirra.

4. gr.

Við 13. gr. laganna (sbr. l. nr. 26/1980) bætist ný málsgrein sem orðist þannig:

Heimild til Hitaveitu Suðurnesja um að standa að virkjun jarðvarma til raforkuframleiðslu skal háð því skilyrði að áður hafi verið gerður samrekstrarsamningur við Landsvirkjun er tryggir að slíkt orkuver falli á hagkvæman hátt að heildarrekstri raforkukerfisins. Nái aðilar ekki samkomulagi skal ágreiningi skotið til iðnaðarráðherra.

5. gr.

Við lögina bætist svofellt

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkissjóði er heimilt að selja Hitaveitu Suðurnesja háspennulínur í eigu Rafmagnsveitna ríkisins frá spennistöð við Elliðaár til Njarðvíkur svo og raforkuveitukerfi sín og stofnana ríkisins, aðveitur og dreifiveitur, innan sveitarfélaga þeirra, sem aðild eiga að fyrirtækinu. Á sama hátt er sveitarfélögum þeim, sem aðild eiga að fyrirtækinu, heimilt að selja því raforkuveitukerfi sín eða leggja þau fram sem stofnframlög og breytist þá eignarhlutdeild eigenda í samræmi við það.

Náist ekki samkomulag um mat á verðmætum þessum skal gerðardómur þriggja manna skera úr. Tilnefnir stjórn Hitaveitu Suðurnesja einn mann í gerðardóminn, seljandi einn, en oddamaður skal skipaður af Hæstarétti.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.